



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 3/2016

Álagning dagsekta á Landspítalann vegna vanrækslu á að fara eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins

I.

Málavextir

Með ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins, dags. 17. febrúar 2016, var farið fram á það við Landspítalann að hann léti stofnuninni í té allar vinnutímaskýrslur lækna á taugalækningardeild.

Var ákvörðunin tekin á grundvelli 58. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Ákvörðunin var ítrekuð með bréfi sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Landsspítalanum, dags. 5. apríl 2016. Þrátt fyrir þessa ítrekun þá var ekki farið eftir þessari ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi, dags. 27. apríl 2016, var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindri ákvörðun stofnunarinnar. Landsspítalanum var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Ekkert heyrðist í fyrirtækinu þrátt fyrir framangreint bréf.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Samkvæmt 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögunum. Skv. 58. gr. laga nr. 46/1980 um er atvinnurekanda skylt að láta Vinnueftirlit ríkisins í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd ákvæða laganna um vinnutíma. Skv. 2. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 ber atvinnurekandi að veita starfsmönnum Vinnueftirlits ríkisins allar nauðsynlegar upplýsingar í tengslum við eftirlit með aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Landsspítalinn hefur ekki farið að framangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að hún hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 5241 starfsmenn hjá Landspítalanum en fyrirtækið er sjúkrahús.

III. Ákvörðunarorð

„Landsspítalinn, kt. 500300-2130 hefur brotið gegn 58. og 2. mgr. 82. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Landspítalann. Skal fyrirtækið greiða kr. 100.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur farið að ákvörðun stofnunarinnar frá 17. febrúar 2016.”

Vinnueftirlit ríkisins